

Aðalfundur SNS - fundargerð

Haldinn þann 7. apríl 2016 í fundarsal Náttúrufræðistofnunar, Urriðaholti 6-8, Garðabæ

Kristín Ágústsdóttir, fundarstjóri
Sindri Gíslason, ritari

Fundur settur 14:30

Allir forstöðumenn náttúrustofa mættu á fundinn nema frá Norðurlandi vestra, þar hefur starfsemi legið niðri frá árinu 2013 en nú er unnið að því að koma starfseminni af stað eftir rekstrarhlé.

1.liður – Skýrsla stjórnar

Róbert A. Stefánsson, formaður SNS 2015, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemina frá síðasta aðalfundi.

Fyrirspurnir í lok kynningar: Erpur Snær Hansen spurðist fyrir um af hverju stjórn SNS hefði ályktað gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ). Þorkell Lindberg Þórarinnsson (Lindi) svaraði því til að SNS teldi það ekki til hagsbóta að stýring rannsókna á landsbyggðinni flyttist til Reykjavíkur.

2.liður – Kristín Hermannsdóttir, formaður SNS, fór yfir verkefni frá áramótum (2016) fram að aðalfundi.

3.liður – Yfirferð ársreiknings 2015 (Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri)

Framlög náttúrustofa voru 534.434 kr, tap ársins var 397.600 kr. Samtök náttúrustofa áttu kröfu á Náttúrustofu Norðvesturlands upp á 171.965 kr. sem fengust greiddar snemma árs 2016. Eigið fé og skuldir í lok árs voru því 278.275 kr. ATH. lagt var til að skýrslur stjórnar verði settar inn á vef SNS.

4.liður – Kosning stjórnar

Í framboði fyrir árið 2017 voru Kristín Ágústsdóttir, Sindri Gíslason og Nancy Bechtloff. Engin mótframboð bárust svo þau voru sjálfkjörin.

5.liður - Vinnuhópar

Bjargfuglar (Lindi kynnir, aðrir hópmeðlimir Sunna Björk Ragnarsdóttir og Róbert A. Stefánsson)

- Lindi, Róbert og Erpur hafa starfað í samráðshópi NÍ og SNS um tillögur að vöktun veiðistofna fugla og má segja að sú vinna sé að miklu leyti sú sama og bjargfuglahópnum var ætlað á síðasta aðalfundi. Hópurinn hefur lagt fram tillögu um vöktun á bjargfuglum sem verður á forræði náttúrustofa.
- Gert ráð fyrir að vöktun eigi sér stað víða um land (Vestmanneyjar, Krísuvíkurbjarg, Skoruvíkurbjarg, Látrabjarg, Hælavíkurbjarg, Papey, Ingólfshöfði og Snæfellsnes/Breiðafjörður).
- Settar verða upp vöktunarmyndavélar (eins og sett var upp á Langanesi síðasta sumar) til að fylgjast með viðkomu í vörpunum og viðveru fuglanna. Verður vonandi hægt að panta og setja þær upp fyrir sumarið.
- Vaktanir settar á laggirnar til að geta brugðist hratt við breytingum í stofnstærðum svo hægt sé að beita viðeigandi veiðistjórn.
- Gert fyrir sameiginlegri skýrslu ár hvert þar sem niðurstöður eru teknar saman – vöktun kostuð af Veiðikortasjóði.

Spendýr (rándýr – Róbert kynnir, í hópnum eru Róbert og Lindi)

SNS

- Refir komnir á könnu NÍ (Ester Rut Unnsteinsdóttir)
- Minkur (Róbert) – vantar tillögur, starfsemi hóps legið niðri. Engin vöktun á sér stað á minnkastofninum, hugmynd um að náttúrustofurnar kæmu að þeirri vinnu en hana á eftir að útfæra. Meira fjármagn vantar í verkið. Umhverfisstofnun fær inn upplýsingarnar (veiðitölur) en ekkert er gert við þær, vantar sundurliðun á afla (kyn, aldur ofl.).

Hreindýr (Skarphéðinn Þórisson í forsvari, í hópnum eru Snævarr Guðmundsson og Lindi)

- Lítið verið gert í hópi en vinnu verður haldið áfram

Náttúrustofulest

- Slegin af í bili, engin vinna verið innt af hendi

Facebook hópur (Kristín Hermannsdóttir og Áslaug Lárusdóttir)

- Ná til fjöldans, þær stöllum senda póst á fjöldann svo upplýsingar nái til allra þegar eitthvað er sett inn á fésbókina.

Fuglastígur (Lindi)

- Starfsemi slegin af, ferðaþjónustuaðilar hafa tekið starfsemina upp á sína arma.

Vatnshlotshópur (Sunna Björk Ragnarsdóttir)

- Starf var slegið af síðastliðið (2015) ár þar sem fjárveiting var skorin niður. Ef starf hópsins verður vakið til lífsins mun Sindri taka við af Sunnu.

Erlent samstarf/Evrópustyrkir (Kristín Hermannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Christian Gallo)

- Rætt hefur verið um erlend samstarfsverkefni sem stofurnar gætu tekið þátt í og sókn í Evrópustyrki fyrir stórum sameiginlegum verkefnum í nokkurn tíma. Ákveðið var að stofna hópinn formlega núna og skoða það að skrá okkur inn í Horizon 2020 sem möglegan samstarfsaðila.

6.liður – Skoðunarmenn reikninga

- Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir.

7.liður – Árgjald

- Kristín Hermannsdóttir, formaður og gjaldkeri SNS, lagði til hækkun á árgjaldi félagsins úr 30.000 kr. í 50.000 kr. Var hækkunin samþykkt einróma.

8.liður – Önnur mál

- Róbert stakk upp á að breyttu fyrirkomulagi erinda sem SNS heldur ár hvert á ársfundi Náttúrufræðistofnunar, væru kannski keimlík ár eftir ár. Svo ef ekki væru nein brýn mál sem þyrfti að koma á framfæri í ávarpi á fundinum þá myndu fulltrúar SNS velja vel valið verkefni frá einni náttúrustofunni til að kynna. Samþykkt meðal fundarmanna.
- Róbert: Bjarni Jónasson hefur tekið við tímabundið sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðvesturlands til að koma starfseminni af stað eftir rekstrarhlé.
- Kristín Á: Komið að Náttúrustofu Norðausturlands að halda aðalfund SNS á næsta ári.

Fundi slitið 15:15